

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Sent í skipulagsgátt

Selfossi 9. febrúar 2026

**Efni: Viðhengi við umsögn VÍN um Aðalskipulag Norðurlands, nr. 538/2023.
Athugasemdir um fylgiritið Norðurling – Flokkun landbúnaðarlands 2024.**

Hér á eftir eru athugasemdir Vínar Íslenskrar náttúru (VÍN) við *Flokkun landbúnaðarlands 2024*, sem er fylgirit með greinargerðinni um *Aðalskipulag Norðurlands 2025 – 2045*.

Athugasemd nr. 1

Landbúnaður/landbúnaðarsvæði hefur ákveðna lögbundna merkingu í skipulagi, bæði aðalskipulagi og deiliskipulagi, þ.e. land sem á að nýta í landbúnaði og hefur verið samþykkt sem slíkt. Hér er hins vegar í raun allt sveitarfélagið lagt undir sem landbúnaðarland og það metið eftir því hversu gott það er til ræktunar. Sveitarstjórn Norðurlands virðist ekki taka tillit til ákvæða [Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013](#).

Í [Landsskipulagsstefnu 2024-2038](#) stendur eftirfarandi um nýtingu landbúnaðarlands: „*Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar*“.

Með framsetningunni í fylgiritinu er í raun verið að segja að allt land sveitarfélagsins sé landbúnaðarland og svo komi takmarkanir. Færa má rök fyrir því að það sé sambærilegt því að segja að allt land sveitarfélagsins sé friðlýst og síðan komi undanþágur. Sveitarstjórn virðist sem sagt ekki nota orðið landbúnaðarland á réttan hátt í skipulaginu. Að notast við þá tilbúnu hugmyndafræði að í raun gangi ekkert framar góðu ræktarlandi/landbúnaðarlandi og allt miðað við það, hefur verulega ókosti. Benda má á að ræktun lands af ýmsu tagi og það sem henni fylgir, s.s. einræktun, notkun véla og efna, hefur rýrt að stórum hluta líffræðilega fjölbreytni í Evrópu og víðar. Þá má einnig benda á að hér er ekkert fjallað um hvaða ræktun styðji við líffræðilega fjölbreytni og hver ekki.

Í undirkaflanum *Grunngögn* á blaðsíðu 7 kemur fram ofarlega að stuðst sé meðal annars við upplýsingar um [skóglendi](#) frá Skógræktinni. Tengillinn skóglendi virkar ekki og stofnunin Skógræktin var lögð niður í árslok 2023. Þetta verður að leiðrétta.

Athugasemd nr. 2

Hugtakið líffræðileg fjölbreytni kemur hvergi fyrir í fylgiritinu og í skilgreiningu á *Takmarkanir* á bls. 10 kemur hvergi fram eitt né neitt sem væri takmarkandi fyrir landið sem ræktarland s.s. verndargildi vegna líffræðilegrar fjölbreytni í „heild“ eða vegna ákveðinna þátta s.s. búsvæði ákveðinna ábyrgðartegunda fugla, menningarminja eða verndargildi einstakra vistgerða, votlendis o.s.frv.

Verndarsvæði eru heldur ekki nefnd sem takmarkandi þáttur, t.d. friðlýst svæði nú eða svæði sem hafa verið flokkuð sem mikilvæg fuglasvæði, friðlýstar fornminjar o.s.frv.

Þar af leiðandi verður til kort, *Mynd 1* á bls. 14, sem gefur villandi mynd, jafnvel eftir að búið er að fjarlægja land með takmörkunum. Kortið á *Mynd 2* virðist eingöngu byggja á þeim takmörkunum sem koma fram í fylgiritinu en ekki t.d. í *kafla 3.3*. í leiðbeiningum um takmörkunum á ræktun [Landbúnaðarlandsleiðbeiningar.pdf](#)

Framangreind hugmyndafræði og flokkun lands er gagnslaust fyrir aðalskipulagið nema út frá einu sjónarmiði, hvar er gott að rækta tún og stunda akuryrkju, og nálgunin er í engu samræmi við alla megin grundvallarþætti í náttúruvernd hvort sem það heitir sjálfbær þróun, vernd líffræðilegrar fjölbreytni eða markmið einstakra laga s.s. laga um náttúruvernd.

Athugasemd nr. 3

Það er fráleitt að setja saman í *töflu 4* vistgerðir og svo annað land, ekki endilega vistlendi heldur manngert land með einum eða öðrum hætti t.d. framræst land, tún- og akurlendi, vegi og ræktað land, land með „einni tegund“ skógarkerfli, alaskalúpínu o.s.frv. Er hægt að meta svona ólíkar landgerðir / vistlendi saman svo það gefi einhverja vitræna heildarsýn? Og hvað segir taflan um hin raunverulegu heildarmarkmið aðalskipulagsins um sjálfbæra þróun og um góða meðferð á landi almennt með tilliti til náttúruverndar?

Athugasemd nr. 4

Framsetning í töflu á bls. 86, í skýrslu sem EFLA vísar til í meistararitgerðinni [Flokkun landbúnaðarlands fyrir skipulagsgerð](#) þar sem samráð hefur verið haft við Náttúrufræðistofnun Íslands og hæfiseinkunn og flokkun NÍ eru sett hlið við hlið en það er ekki að sjá að verndarflokkun NÍ skili sér nokkurs staðar í þessari skýrslu um Flokkun landbúnaðarlands. Í ofangreindri ritgerð kemur fram í kafla 5.2.1 á bls. 56 hvernig vistgerðir voru flokkaðar. Samkvæmt þeim texta er ekki unnt að sjá að tekið sé tillit til líffræðilegrar fjölbreytni við matið heldur aðeins hæfi til ræktunar. Reyndar er ekki alltaf samræmi milli Viðauka 1 á bls. 86 í þeirri ritgerð (sem lýsir mati NÍ) og töflu 4 í skjali EFLU, t.d. fær skógarkerfill einkunnina 9 í viðaukanum en 7 hjá EFLU og grasmelavist 8 í viðaukanum en 4 hjá EFLU. Eins eru flokkarnir fleiri hjá EFLU en í viðaukanum og óljóst hvers vegna þeim vistgerðum sem fengu 0 hjá NÍ er raðað eins og þeim er gert í skjali EFLU. Í því sambandi er bent á að nokkrar votlendisvistgerðir sem fá 0 í viðauka ritgerðarinnar fá hærri einkunn í töflu 4 t.d. runnamýravist á hálendi fær 5 og nokkrar flóavistir, rekju- og rimamýravist fá 3.

Athugasemd nr. 5

Undir *töflu 4* er eftirfarandi texti: „*Votlendis- mólendis- og graslendisvistgerðir á vel framræstu landi fá hæfiseinkunnina 8, nema þar sem vistgerðir með hærri einkunn, þar stendur vistgerðareinkunnin*“. Hvað þýðir þetta? Eru votlendisvistgerðir til á vel framræstu landi og þær góðar til túnræktunar? Af annarri framsetningu að dæma í skýrslunni er varla verið að vísa til þess að hér sé gott land til endurheimtar votlendis.

SAMANTEKT

Það er mat stjórnar VÍN að það séu svo miklir ágallar á þessu landflokunarkerfi sem hér er lagt fram að það verði að endurvinna það frá grunni. Það er ekki ásættanlegt að byrja á því að telja allt land sveitarfélagsins landbúnaðarland og fara síðan að skoða takmarkanir á þeirri forsendu. Enn fremur sæmir það ekki sveitarfélaginu að taka ekkert tillit til verndunar líffræðilegrar fjölbreytni við flokkunina.

Virðingarfyllt,
F.h. stjórnar Vínar íslenskrar náttúru,



Sveinn Runólfsson, formaður.